

Nd.

285. Frumvarp til laga

[120. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Flm.: Einar Sigurðsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Menntaskólar eru í Reykjavík, á Akureyri og að Laugarvatni. Stofna skal menntaskóladeild við alþýðuskólann á Eiðum, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum. Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskólanna greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með stofnun menntaskóla á Akureyri var fyrst stigið spor í þá átt að flytja menntaskólana út á landsbyggðina, eins og áður fyrir tíðkaðist. Síðan var settur menntaskóli að Laugarvatni fyrir Suðurlandsundirlendið. Á Vestfjörðum var einnig gerð tilraun með menntaskóladeild við gagnfræðaskólann á Ísafirði, og gafst hún að allra dómi vel, en var lögð niður af ástæðum, sem ekki verða raktar hér.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að fyrir Austfirði verði komið upp menntaskóla að Eiðum.

Eins og nú er ástatt, verða Austfirðingar að sækja framhaldsmenntun sína annaðhvort til Akureyrar eða Suðurlands. Er það ærið kostnaðarsamt fyrir nemendur og aðstandendur þeirra.

Nú stendur fyrir dyrum að halda áfram að byggja nýjan, stóran menntaskóla í Reykjavík. Skoðanir manna eru skiptar um það, hvort heppilegt sé að hafa skóla mjög stóra, og munu fleiri vera þeirrar skoðunar, að það sé ekki ákjósanlegt. Og enginn vafi leikur á því, að svo bezt helzt jafnvægi í byggð landsins, að einstökum héruðum sé ekki mismunað um skör fram, að því er snertir aðstöðu til menntunar. Hvert hérað á að hafa sínar menntastofnanir, ef skilyrði eru til þess og önnur aðstaða. Við Eiðaskóla er aðstaða til þess að koma á fót menntaskóla án verulegs kostnaðar í bili, en sá skóli er samkvæmt lögum nr. 36/1917 rekinn algerlega á kostnað ríkissjóðs.

Úr Austfirðingafjórðungi sækja árlega um 50 nemendur framhaldsnám á Norð- og Suðurlandi.

Við framsögu mun nánari grein gerð fyrir máli þessu.